Efni: Beiðni um heimild fyrir bílastæði við Fífuhjalla 11

Við undirrituð íbúar og eigendur Fífuhjalla 11 sækjum hér með um að leyfi verði veitt fyrir bílastæði (fyrir 1 bíl) við austurgafl hússins. Heimild er fyrir tveimur bílastæðum við vesturenda hússins.

Við tilgreinum eftirfarandi rökstuðning fyrir beiðni okkar:

Við erum tvær fjölskyldur sem búum í húsinu, og keyptum það saman árið 2014. Húsið er skráð í fasteignaskrá sem einbýlishús, fastanúmer F2060476. Að sögn seljenda sem við keyptum af var húsinu strax í upphafi breytt í tvær íbúðir, en upphaflega teikningin gerði ráð fyrir að húsið væri einbýlishús með vinnuaðstöðu listamanns. Önnur íbúðin er á efri hæð, en hin á neðri hæð. Sérinngangur er fyrir íbúðina á efri hæð, við austurenda hússins. Þar hefur jafnframt verðir bílastæði fyrir einn bíl, allt frá því húsið var tekið í notkun, að sögn seljenda sem keyptum af.

Brunnlok er staðsett á gangstéttinni fyrir framan innkeyrsluna við austurhlið hússins. Það skemmdist í snjómokstri í vetur, og til stendur af hálfu Kópavogsbæjar að laga það í sumar. Þegar óskað var eftir því að tækifærið yrði notað og settur flái milli bílastæðis og götukants, kom í ljós að ekki er gert ráð fyrir þessu stæði á skipulagsuppdrætti og lóðarblaði. Svo virðist því sem að bílastæðið hafi verið útbúið án heimildar um það leiti sem húsið var tekið í notkun, og það verið í notkun öll þessi ár síðan.

Á loftmynd af svæðinu má sjá bílastæðið glögglega. Tekið skal fram og af gefnu tilefni, að þegar bakkað er úr stæðinu út á götuna er gott útsýni upp og niður Fífuhjallann, sem og inn Furuhjallann. Göngustígur er frá gangstétt sem liggur meðfram austurhlið hússins og tengist útivistarsvæðinu í dalnum. Á götunni sjálfri á móts við göngustíginn er hraðahindrun í götunni. Mikilvægt er að árétta að hér er um að ræða hraðahindrun sem endar við lóðamörk Furuhjalla 2, en ekki gangbraut yfir götuna. Engin gangstétt er við norðurhlið Fífuhjalla.

Á efri hæðinni búa (og nýta inngang á austurhlið hússins) Ásgeir Eiríksson, kt. 080355-2119 og Kristrún Davíðsdóttir, kt.080554-3709. Á neðri hæðinni búa Eiríkur Stefán Ásgeirsson, kt. 160777-3709 og Svava Margrét Sigurðardóttir, kt. 310780-5109, ásamt þremur börnum þeirra. Eiríkur og Svava Margrét eru þinglýstir eigendur hússins.

Kristrún lenti í alvarlegu slysi árið 1999, og hefur þurft að glíma við afleiðingar þess síðan. Hún er handhafi stæðiskorts fyrir fatlaða, þar sem hún hefur skerta hreyfifærni. Það er henni því mikilvægt að hafa bílastæði fyrir sig nálægt inngangi íbúðarinnar. Þetta er sérlega mikilvægt yfir vetrartímann, einkum þegar snjóþungt er.

Í ljósi þess að bílastæðið hefur verið þarna allt frá því húsið var byggt, og í ljósi þess að ekki hefur verið amast við tilvist þess af hálfu sveitarfélagsins, og í ljósi áðurnefndra aðstæðna okkar, förum við þess hér með á leit við sveitarfélagið að heimild verði veitt fyrir þessu bílastæði, og að heimilað verði að setja fláa á gangstéttina milli þess og götunnar.

Kópavogi, 15. júní 2022

Ásgeir Eiriksson

Kristrún Davíðsdóttir

Eiríkur Stefán Ásgeirsson

Svava Margrét Sigurðardóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026